



Ákvörðun nr. 5/2022

Skilyrði um persónuskilríki vegna útgáfu rafrænna skilríkja

(mál nr. 202110013)

I.

Erindið

(1) Fjaraskiptastofu (hér eftir FST) barst kvörtun frá [...]¹ (hér eftir kvartandi) þann 26. október 2021. Efni kvörtunarinnar var að Auðkenni ehf. (hér eftir Auðkenni) heimilaði ekki barni undir 14 ára aldri að fá rafræn skilríki án þess að hafa til þess gild skilríki. Fram kom í kvörtun að óheimilt væri að veita börnum undir 14 ára aldri nafnskírteini og þá ætti barnið ekki vegabréf. Krafa kvartanda var að barnið fengið rafræn skilríki og að öllum börnum yrði heimilað að fá rafræn skilríki með staðfestingu forráðamanna.

(2) Þann 8. des. 2021 barst FST síðan tölvupóstur frá kvartanda þar sem óskað var eftir álitum stofnunarinnar en þar sagði:

“Óskað er eftir álitum Fjaraskiptastofnunar vegna synjunar Auðkenni ehf. á útgáfu rafrænna skilríkja fyrir barn sem er 12 ára gamalt.

Málsatvik eru þau að Auðkenni krefst að barnið komi með nafnskírteini eða vegabréf til að sanna deili á sér, þrátt fyrir að vera með báða forsjáraðila sér við hlið. Bent var á að barnið gæti ekki fengið nafnskírteini vegna aldurs né hefði það vegabréf. Niðurstaða Auðkennis var að barnið mætti þar af leiðandi, skv. vinnureglum fyrirtækisins., ekki fá rafræn skilríki.

Að sama skapi hefur viðskiptabanki barnsins einnig synjað beiðni þess um rafræn skilríki.

Óskað er eftir álitum Fjaraskiptastofu hvort Auðkenni ehf. og bönkum sé heimilt að synja barni um rafræn skilríki á þeim forsendum að það hafi ekki gild skilríki.”

¹ Nafn kvartanda felld brott vegna trúnaðar.



II. Bréfaskipti

2.1. Svar FST til kvartanda

(3) Þann 4. janúar 2022 svaraði FST tölvupósti kvartanda þar sem vísað var til bæði kvörtunar og álitsbeiðni kvartanda. Í svarinu gerði stofnunin grein fyrir helstu lagaákvæðum sem kæmu til skoðunar þar á meðal lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Stofnunin benti á að í ESB reglugerð nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu (eIDAS reglugerð) væri gerð sú krafa til traustþjónustuveitenda að sannprófa kennsl og eigindir einstaklinga með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, sbr. 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar.

(4) Þá vísaði stofnunin til þess að um framkvæmd fyrrnefndra laga gildi reglugerð nr. 100/2020 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Þar væri mælt fyrir um í 4. gr., um sannprófun kennsla og eiginda, að traustþjónustuveitandi getur og sá sem starfar í hans umboði stuðst við gild og viðurkennd persónuskilríki. Til viðurkenndra persónuskilríkja teldust vera: vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða nafnskírteini með mynd sem gefin eru út af samsvarandi erlendum stjórnvöldum.

(5) FST benti á að samkvæmt þessum reglum væri ekki tekið sérstakt tillit til barna í lögnum né afleiddri reglugerð um framkvæmd laganna. Stofnunin tók fram að hún hefði skilning á því að það gæti verið erfiðara um vik að fá rafræn skilríki fyrir börn en hún fengi ekki séð að þessi krafa Auðkennis bryti ekki í bága við framangreindar reglur. Það væri því álit FST að umkvörtunarefnið stangaðist ekki á við umrædd lög og erindið ekki tækt til frekari meðferðar hjá henni. Stofnunin hygðist því loka málinu í málaskrá sinni nema fram kæmu rökstuddar óskir kvartanda um annað.

2.2. Athugasemdir kvartanda til FST

(6) Með tölvupósti kvartanda þann 5. janúar 2022 tók hann undir það að ekki væri tekið tillit til barna í lögnum né reglugerð um framkvæmd laganna. Hann taldi þó að 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar næði til barna en þar kæmi fram í a-lið 1. mgr. „að viðstöddum einstaklingi eða viðurkenndum fulltrúa lögaðila í eigin persónu“. Þar sem að hvergi væri tekið fram í framkvæmdarreglugerðinni nr. 100/2020 um að þessi ákvæði ætti ekki að innleiða, mætti ætla að öll ákvæði 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar ættu við. Að því virtu taldi kvartandi að traustþjónustuveitendur yrðu að veita barni undir 18 ára þjónustu, að þessu skilyrði uppfylltu. Þar sem að þetta kynni að stangast á við framkvæmd laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu taldi kvartandi að málið ætti að hljóta frekari meðferð hjá stofnuninni.

2.3. Svar FST til kvartanda

(7) Með tölvupósti FST þann 4. feb. benti stofnunin á að stafliður sem kvartandi hefði vísað til þyrfti að skoða með hliðsjón af 1. mgr. 24. gr., sem fjallar um kröfur til fullgildra traustþjónustuveitenda, og væri svohljóðandi:

„Við útgáfu fullgildra vottorða fyrir traustþjónustu skal fullgildur traustþjónustuveitandi sannprófa, með viðeigandi hætti og í samræmi við



landslög, kennsl og, ef við á, hvers konar sérstakar eigindir þess einstaklings eða lögaðila sem fullgilda vottorðið er gefið út fyrir.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu sannprófaðar af fullgilda traustþjónustuveitandanum annað hvort beint eða með því að treysta á þriðja aðila í samræmi við landslög:

a) að viðstöddum einstaklingi eða viðurkenndum fulltrúa lögaðila í eigin persónu eða [...]“

(8) Stofnunin sagði að með þessu væri lögð sú skylda á traustþjónustuveitanda að sannprófa kennsl þess einstaklings sem skírteinið er gefið út fyrir. A-liður 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar fæli í sér að hægt væri að sannprófa upplýsingarnar að viðstöddum þeim einstaklingi eða fulltrúa lögaðila sem væri að sækja um skírteinið/vottorðið.

(9) FST benti á að lykilatriðið í þessu væri að traustþjónustuveitandi þyrfti að sannprófa upplýsingarnar og mætti ekki skilja ákvæðið sem svo að nóg væri að einstaklingur mætti á staðinn. Stofnunin fengi því ekki séð að krafan um að traustþjónustuveitandi styðjist við viðurkennd persónuskilríki, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 100/2020, væri í ósamræmi við þá skyldu um að sannprófa kennsl þess einstaklings sem sækir um rafræna skírteinið. FST gaf kvartanda aftur færi á því gera athugasemdir við þetta álit, sem og þá frumniðurstöðu um að umkvörtunarefnið stangaðist ekki á við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, né afleiddar reglur.

2.4. Athugasemdir kvartanda til FST

(10) Með tölvupósti 8. feb. 2022 til FST sagði kvartandi að honum þætti það skrítið gerðar væru meiri kröfur til ólöggráða einstaklinga við að sanna deili á sér heldur en við útgáfu vegabréfa en þá nægði að forsjáraðilar væru með barninu. Með þessari kröfu væri börnum jafnframt gert erfiðara en lögráða einstaklingum að fá afhent rafræn skilríki. Forsjáraðili þyrfti að samþykkja áskriftarsamning fyrir hönd barnsins áður en að það fengi rafræn skilríki útgefin. Slíkt væri að mati kvartanda eðlilegar kröfur og í samræmi við landslög og spurði hví mætti þá sannprófun á börnum ekki vera í samræmi við landslög. Það væri forsjáraðili sem færi með lögformlegt fyrirvar barnsins skv. barnalögum og að rauði þráði í reglugerðinni að auka ætti traust og aðgengi. Því væri ekki hægt að skilja að gera mætti strangari reglur til sannprófunar en þegar sótt væru um vegabréf fyrir börn.

(11) Að mati kvartanda væri eðlilegast að báðir forsjáraðilar mættu með barnið með löggild skilríki sín og með því staðfestu að barnið væri það sem það væri í ljósi þess að forsjáraðilar fara með fyrirvar fyrir barnið skv. lögum. Þar sem að kvartandi taldi ljóst að það væri ekki sameiginlegur skilningur hans og Fjarskiptastofu á álitaefninu bað hann um upplýsingar undir hvaða annan aðila hann gæti borið erindið sitt.

2.5. Svar FST til kvartanda

(12) Með tölvupósti þann 9. feb. 2022 sagði FST að í ljósi þeirra sjónarmiða sem kvartandi hefði teft fram teldi stofnunin rétt að taka erindið til efnislegrar meðferðar. Umkvörtunarefnið yrði borið undir Auðkenni og félaginu gefið færi á því að tjá sig um það. Hann fengi síðan færi á því



að tjá sig um sjónarmið félagsins þegar þau bærust. Þá sagði stofnunin að ef ekki yrði fallist á þær skýringar og ekki sýnt að sættir næðust í málinu myndi stofnunin leysa úr ágreiningnum með stjórnvaldsákvörðun.

2.6. Svarbréf Auðkennis

(13) Með bréfi dags. 15. feb. 2022 var kvörtun komið á framfæri við Auðkenni og félaginu gefinn kostur á að tjá sig um kvörtun og koma skýringum á framfæri. Svar Auðkennis barst með tölvupósti þann 28. febrúar 2022 en þar sagði:

„Í reglugerð evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr 910/2014 í 24. grein eru gerðar kröfur til fullgilda traustþjónustuveitenda að þeir sannprófi með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, kennsl og, ef við á, hvers konar sérstakar eigindir einstaklings. Frekari kröfur koma fram í undirliðum 24. greinar t.d að einstaklingur skulu vera viðstaddur útgáfu skilríkis. Mögulegt er að nota aðrar auðkenningaaðferðir en þær verða þá að hafa verið samþykktar af Samræmismatsstofu. Engar slíkar aðferðir eru enn sem komið er í boði nema fyrir þá sem þegar hafa rafræn skilríki enda hafi þau verið gefin út í samræmi við kröfurnar..

Auðkenni vinnur eftir formlegri vottunarstefnu og vottunarframkvæmd þar sem gerðar eru kröfur um framvísun skilríkja þ.e. nafnskírteini gefið út af Þjóðskrá, ökuskírteini eða vegabréfi. Verklag við útgáfu skilríkja hefur verið tekið út af Samræmismatsstofu TUVIT.

Auðkenni sett sú krafa í lögum að sannprófa kennsl einstaklings með viðeigandi hætti. Að mæta í eigin persónu og framvísun á viðeigandi skilríki eru sú leið sem er í boði.

Þegar sótt er um nafnskírteini fyrir barn undir 18 ára aldri þarf að framvísa skilríki t.d. vegabréfi. Til þess að barn undir 18 ára aldri geti fengið útgefin fullgild rafræn skilríki þarf það að mæta í eigin persónu á skráningastöð og framvísa lögildu skilríki ásamt því að hafa leyfi forráðamanna.”

2.7. Athugasemdir kvartanda við svarbréf Auðkennis

(14) Fjarskiptastofa gaf kvartanda færi á að tjá sig um þessi sjónarmið Auðkennis. Í tölvupósti, dags. 1. mars 2022, sagði hann að svör Auðkennis væru sambærileg og Fjarskiptastofu. Vísaði hann aftur til fyrri sjónarmiða um að útgáfa vegabréfa fyrir börn væri auðveldari þar sem það nægði að forsjáraðilar mættu með barninu. Vissulega þyrftu forsjáraðilar að mæta með skilríki en benti á að það giltu sérstök lög um vegabréf og útgáfu þeirra. Því væri það skrítið að gerðar væru frekari kröfur til barna við útgáfu rafrænna skilríkja en vegabréfa. Það væru gerðar kröfur um að forsjáraðili samþykki áskriftarsamning svo að ólöggráða barn gæti sjálft mætt með skilríki og fengið útgefin rafræn skilríki. Að áliti kvartanda væru það eðlilegar kröfur og í samræmi við landslög. Kvartandi spurði því næst hvort að ekki sannprófun á börnum mætti ekki vera í samræmi við landslög.

(15) Að mati kvartanda væri rauði þráður eIDAS reglugerðarinnar að auka traust og aðgengi. Hann gat ekki skilið reglugerðina svo að það væri skylda samkvæmt henni að gera strangari reglur til sannprófunar en gerðar væru um umsókn vegabréfa fyrir börn. Kvartandi taldi að



með góðum hætti mætti fella þessa sömu aðferð undir d-lið 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar.

Að lokum sagði kvartandi það vera ljóst að skilningur hans væri ekki sameiginlegur með FST og Auðkenni og vildi því vita undir hvern hann gæti borið erindið sitt til úrlausnar.

III.

Lagaumhverfi

(16) Með lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti er kveðið á um að ákvæði reglugerðar ESB nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum (eIDAS reglugerðin) skuli hafa lagagildi hér á landi, með þeim aðlögunum sem leiða má af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sbr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 4. gr. laganna er Fjarskiptastofu falið að annast eftirlit samkvæmt eIDAS reglugerðinni.

(17) Samkvæmt 1. mgr. laganna er markmið þeirra að tryggja að örugg rafræn auðkenning og sannvottun sé möguleg til aðgangs að nettengdri þjónustu yfir landamæri sem aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu bjóða einstaklingum og lögaðilum. Markmið laganna er einnig að auka traust í rafrænum viðskiptum með því að kveða á um réttaráhrif og kröfur til rafrænna auðkenningarleiða og traustþjónustu.

(18) Í 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar er fjallað um kröfur sem gerðar eru til fullgildra traustþjónustuveitenda þegar kemur að sannprófun, en þar segir:

„Við útgáfu fullgildra vottorða fyrir traustþjónustu skal fullgildur traustþjónustuveitandi sannprófa, með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, kennsl og, ef við á, hvers konar sérstakar eigindir þess einstaklings eða lögaðila sem fullgilda vottorðið er gefið út fyrir.

Upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu sannprófaðar af fullgilda traustþjónustuveitandanum annað hvort beint eða með því að treysta á þriðja aðila í samræmi við landslög:

a) að viðstöddum einstaklingi eða viðurkenndum fulltrúa lögaðila í eigin persónu eða

b) úr fjarlægð, með rafrænni auðkenningarleið studdri fullgildu vottorði, sem krafðist þess að einstaklingur eða viðurkenndur fulltrúi lögaðila væri viðstaddur fyrir útgáfu, og sem uppfyllir kröfur 8. gr. um fullvissustigið „verulegt“ eða „hátt“ eða

c) með vottorði fyrir fullgilda rafræna undirskrift eða fullgilt rafrænt innsigli, gefnu út í samræmi við a- eða b-lið eða

d) með öðrum auðkenningaraðferðum sem eru viðurkenndar á landsvísu og veita jafna vissu um áreiðanleika viðvera í eigin persónu. Samræmismatsstofa skal staðfesta að vissa teljist jöfn.“



(19) Í áðurnefndri reglugerð nr. 100/2020 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti er að finna nánari ákvæði um framkvæmd laganna, sbr. 8. gr. laganna. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

„Við sannprófun kennsla og eiginda skv. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 getur traustþjónustuveitandi og sá sem starfar í hans umboði stuðst við gild og viðurkennd persónuskilríki.

Til viðurkenndra persónuskilríkja teljast:

- a. vegabréf,*
- b. ökuskríteini,*
- c. nafnskríteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða*
- d. nafnskríteini með mynd sem gefin eru út af samsvarandi erlendum stjórnvöldum.“*

IV.

Niðurstaða

(20) Ágreiningsefni þess máls varðar þá framkvæmd Auðkennis að gefa ekki út rafræn skilríki til ólögráða umsækjenda ef þeir framvísa ekki gildum persónuskilríkjum. Kvartandi gerði þá kröfu að barnið fengi rafræn skilríki án þess að framvísa persónuskilríkjum og að önnur börn fengju slíkt hið sama. Að áliti kvartanda ætti það að nægja til staðfestingar á kennslum barnsins að forsjáradilar þess framvísuðu löggildum skilríkjum sínum. Þessu til stuðnings vísaði kvartandi til þess að börn geta fengið útgefin vegabréf með þessum hætti. Kvartandi taldi jafnframt að fella mætti þessa aðferð undir d-lið 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar.

(21) Í máli Auðkennis sagði að gerðar væru kröfur til fullgildra traustþjónustuveitenda í 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar um að þeir sannprófi með viðeigandi hætti í samræmi við landslög, kennsl og ef við ætti hvers konar sérstakar eigindir einstaklingsins. Auðkenni væri að vinna eftir formlegri vottunarstefnu og vottunarframkvæmd þar sem gerðar væru kröfur um framvísun skilríkja. Þá væri gerð sú lagakrafa til félagsins að sannprófa kennsl einstaklinga með viðeigandi hætti og að sú leið sem væri í boði væri að mæta í eigin persónu og framvísa viðurkenndum skilríkjum. Það væri hægt að notast við aðrar auðkenningaraðferðir en þá þyrftu þær að hafa hlotið samþykki Samræmismatsstofu.

(22) Í þessu samhengi er rétt að nefna að rafræn skilríki er hægt að nota sem rafræna auðkenningu og sem rafræna undirskrift. Við rafræna auðkenningu eru notuð auðkenningargögn á rafrænu formi til þess að staðfesta kennsl einstaklings, lögaðila eða einstaklings sem fulltrúa lögaðila. Þannig er rafræn auðkenning notuð til að ganga úr skugga um að um sé að ræða tiltekinn einstakling eða lögaðila. Með því móti er hægt að nota rafræna undirskrift en hún hefur sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift. Það þýðir að þegar skjöl eru undirrituð rafrænt með fullgildri rafrænni undirskrift er undirritunin jafngild eiginhandarundirskrift.

(23) FST hefur eftirlit með eIDAS reglugerðinni en markmið hennar er að auka traust á rafrænum viðskiptum á innri markaðinum með því að skapa sameiginlegan lagagrundvöll fyrir örugg rafræn samskipti milli neytenda, fyrirtækja og opinberra yfirvalda. Í eIDAS reglugerðinni eru ákvæði sem eiga að tryggja að örugg rafræn auðkenning og sannvottun sé möguleg til



aðgangs að nettengdri þjónustu innan og yfir landamæri sem aðildarríki EES þjóða. Reglugerðinni er ætlað að ryðja rafrænum hindrunum úr vegi og auðvelda borgurum að nota rafrænt auðkenni til sannvottunar í öðrum aðildarríkjum innan EES.

(24) Að mati FST er ljóst að gerðar eru töluverðar kröfur, samkvæmt eIDAS reglugerðinni, til traustþjónustuveitenda um fullvissu fyrir því að sá einstaklingur sem heldur fram tilteknu kenni, sé í reynd sá sem fékk kenninu úthlutað. Þessar kröfur eiga að endurspegla tiltrú á getu rafrænna auðkenningarleiða til að staðfesta kennsl á einstaklingi, líkt og segir í formálsorðum eIDAS reglugerðarinnar.

(25) Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. eIDAS reglugerðarinnar eiga fullgildir traustþjónustuveitendur við útgáfu fullgilda vottorða fyrir traustþjónustu að sannprófa, með viðeigandi hætti og í samræmi við landslög, kennsl og ef við á hvers konar viðeigandi eigindi þess einstaklings eða lögaðila sem fullgilda vottorðið er gefið út fyrir. Ekki er tiltekið í ákvæðinu að gerðar séu lakari eða annars konar kröfur við sannprófun kennsla vegna ólögráða einstaklinga. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 24 gr. reglugerðarinnar mega traustþjónustuveitendur sannprófa upplýsingarnar með öðrum viðurkenndum auðkenningaraðferðum sem veita jafna vissu um áreiðanleika og viðvera í eigin persónu. En líkt og Auðkenni benti á að hafa engar slíkar aðferðir hlotið samþykki Samræmismatsstofu og ekki hefur verið gert ráð fyrir slíku skv. reglugerð nr. 100/2020 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

(26) Við framkvæmd virkjunar rafrænna skilríkja á skráningarstöð gerir Auðkenni sömu kröfur til ólögráða og lögráða um að þeir framvísi persónuskilríkjum til sannprófunar á kennslum. Slíkt verður að teljast vera í fullu samræmi við áður nefnt markmið eIDAS reglugerðarinnar um fullvissu fyrir kennslum og eigindum einstaklinga eða lögaðila.

(27) FST fær ekki séð að gerðar séu vægari kröfur um sannprófun kennsla og eiginda, fyrir ólögráða, í lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti né afleiddri reglugerð nr. 100/2020. Í þeirri reglugerð er sérstaklega tiltekið í 4. gr. að traustþjónustuveitandi getur við sannprófun stuðst við gild og viðurkennd persónuskilríki sem eru skv. reglugerðinni vegabréf, ökuskríteini, nafnskríteini gefin út af Þjóðskrá Íslands eða nafnskríteini með mynd sem gefin eru út af samsvarandi erlendum stjórnvöldum.

(28) Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða FST að skilyrði Auðkennis um að ólögráða einstaklingar (börn yngri en 18 ára) skuli framvísa persónuskilríkjum sem sannprófun á kennslum verður ekki talin stangast á við ákvæði eIDAS reglugerðarinnar, né verður slík krafa talin fela í sér brot á lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti eða reglum settum á grundvelli þeirra.

Ákvörðunarorð

- 1. Skilyrði Auðkennis ehf. um að ólögráða einstaklingar framvísi persónuskilríkjum til sannprófunar á kennslum felur ekki í sér brot á eIDAS reglugerðinni né á lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu eða reglum settum á grundvelli þeirra. Kröfu kvartanda er því hafnað.**



2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 13. maí 2022

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Arnar Stefánsson